

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum og skulu þeir tilnefndir af stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf., til 3ja ára í senn. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á varðveislu hans. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir af lög-giltum endurskoðanda félagsins.

5. gr.

Úr sjóðnum skal veita styrki með eftirfarandi hætti:

- Í A flokki eru veittar allt að kr. 2 millj. til málefna á sviði menningar og lista, íþrótt- og forvarnarmála.
- Í B flokki eru veittar allt að kr. 3 millj. til málefna sem horfa til heilla í samfélaginu og til eflingar heilbrigðs lífens.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ráðstafar fé sjóðsins samkvæmt umsóknum um styrki úr sjóðnum. Jafn-framt er henni heimilt að veita styrki úr sjóðnum að eigin frumkvæði.

7. gr.

Veita skal styrki úr sjóðnum árlega og skal auglýsa eftir umsóknum um styrki úr A – hluta sjóðsins.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta ef stjórn sjóðsins óskar þess. Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til þeirra málefna er fram koma í 5. gr.

Reykjavík, 1. nóvember 1997.

Í stjórn Menningarsjóðs Sjóvá-Almennra trygginga hf.

Ólafur B. Thors.

Jóhann Björnsson.

Hjalti Geir Kristjánsson.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. janúar 1998.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

1. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn úr veitukerfi sínu í heildsölu og smásölu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð hitaveitunnar.

Heildsala.

2. gr.

Fast gjald Akraness er 76.035.480,00 kr. á ári og fast gjald Borgarbyggðar er 29.912.170,00 kr. á ári.

3. gr.

Breytilegt gjald er 22,70 kr. á rúmmetra. Gjaldið leiðréttist miðað við mælt hitastig, sbr. 17. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

Smásala.

4. gr.

Fast gjald greiðist af öllu hituðu húsnæði. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Fasta gjaldið reiknast út frá flatarmáli (F) samkvæmt fasteignamati. Flatarmál bifreiðageymslna er ekki tekið með flatarmáli íbúðarhúsnæðis, nema þær séu notaðar sem íbúðar- eða atvinnuhúsnæði.

Fast gjald á mánuði = $F \times 11,48 \text{ kr/m}^2$, ef F er minna en eða jafnt 130 m^2 .

Fast gjald á mánuði = $1.492 \text{ kr.} + (F-130) \times 6,91 \text{ kr/m}^2$, ef F er stærra en 130 m^2

5. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er:

a) Þeir sem greiða fast gjald samkvæmt 4. gr.: 85,49 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.

b) Þeir sem ekki greiða fast gjald samkvæmt 4. gr.: 114,28 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.

Gjaldið leiðréttist miðað við reiknað hitastig við húsvegg sbr. 18. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

6. gr.

Fyrir hvern mæli skal greiða mánaðarlega:

Fyrir mæli með nafnrennsli undir $6 \text{ m}^3/\text{klst.}$: 277 kr/mán.

Fyrir mæli með nafnrennsli yfir $6 \text{ m}^3/\text{klst.}$: 497 kr/mán.

7. gr.

Komi til lokunaraðgerða, sbr. 21. gr. reglugerðar HAB, skal greiða gjald 1.528 kr.

Fyrir aukaálestur af mæli skal greiða kr. 552.

8. gr.

Stofngjöld skal greiða miðað við rúmmál alls húsrýmis á lóð, samkvæmt fasteignarmati. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupphitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Innifalið í stofngjaldi er heimæð allt að 25 m að lengd innan lóðarmarka og mælagrind.

Stofngjald skal vera:

Stærð húss:
allt að 250 m^3
 $251-500 \text{ m}^3$
 $501-1500 \text{ m}^3$
 $1501-6000 \text{ m}^3$
yfir 6000 m^3

Stofngjald:
72.525 kr.
 $72.525 + 172,84 \text{ kr/m}^3$ yfir 250 m^3
 $115.735 + 101,44 \text{ kr/m}^3$ yfir 500 m^3
 $217.175 + 65,08 \text{ kr/m}^3$ yfir 1500 m^3
 $510.035 + 51,13 \text{ kr/m}^3$ yfir 6000 m^3

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera 54.659,00 kr. Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

Fyrir fleiri mælagrindur en eina skal greiða sérstakt mælagjald. Mælagrindargjald er 16.533,00 kr/grind.

Gjald fyrir heimæðar, á skipulögðum þéttbýlissvæðum, sem eru lengri en 25 m innan lóðamarka er 3.311,00 kr/m umfram 25 m. Utan þéttbýlis kostar hitaveitan heimæð allt að 50 m frá stofnlögn, en húseigandi greiðir það sem umfram er samkvæmt kostnaðarreikningi.

9. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 225,8 stig og vísitölu neysluverðs til verðtryggingar 181,7 stig.

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar 1998 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 163 frá 3. mars 1997, með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 12. janúar 1998.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um sakaskrá ríkisins nr. 249 29. júní 1992.

1. gr.

Í stað „2. mgr. 115. gr.“ í 1. mgr. 5. gr. kemur: 1. mgr. 115. gr.

2. gr.

Í stað „20.000 krónur“ í a-lið 1. mgr. 5. gr. kemur: 36.000 krónur.

3. gr.

Í stað „2. mgr. 115. gr.“ í 2. mgr. 11. gr. kemur: 1. mgr. 115. gr.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 19. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19 26. mars 1991, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. janúar 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Benedikt Bogason.